

Algengustu einkenni eru: minni átlýst, fall í nyt, hiti og vatnskenndur niðurgangur sem oft er illa lyktandi og blóðugur. Fósturlát geta komið fram ef gripir smitast á seinni hluta meðgöngu. Kálfar geta veikst mjög illa og jafnvel fengið blóðeitrun.

Meðgöngutími er yfirleitt 1-3 dagar, en getur verið breytilegur, allt frá 6 klst. upp í 10 daga.

Líftími bakteríunnar getur verið mislangur, hún lifir einna lengst í köldu röku umhverfi. Hún getur lifað í mánuði í slíku umhverfi en líftíminn er styttri við þurrar aðstæður allt niður í <1 vika.

Mestar líkur eru á að *Salmonella* berist inn á bú með smituðum gripum. Einnig getur hún borist með smituðum nagdýrum og fuglum, menguðu fóðri, fólki, landbúnaðarvélum og fatnaði/skófátnaði fólks.

Mjög mikilvægt er:

- Ef keyptir eru gripir inn á bú, hvort heldur sem er fullorðnir gripir eða smákálfar er ráðlagt að einangra þá frá öðrum gripum fyrstu vikuna eftir að þeir koma á búið og fylgjast mjög vel með heilsufari þeirra.
- Ekki má flytja kálfa yngri en 10 daga nema því aðeins að um skamma vegalengd sé að ræða og tryggt sé að þeir geti lagst og hafi viðeigandi undirburð. Ekki má flytja nýfædda kálfa þar sem naflastrengur er ógróin.
- Ekki má flytja kálffullar kýr/kvígur sem gengnar eru 90% eða meira af meðgöngutímanum eða hafa borið innan 5 daga
- Seljanda gripa er skylt að útvega heilsufarsvottorð fyrir gripina frá sínum dýralækni eða héraðsdýralækni.
- Ekki má flytja notuð landbúnaðartæki sem hugsanlega eru menguð af jarðvegi/skít yfir varnarlínur nema því aðeins að þau hafi verið þrífín og sótthreinsuð. Gott er að skipuleggja flutning tækja yfir varnarlínur í samráði við héraðsdýralækni.
- Alltaf skal þrífa notuð landbúnaðartæki áður en þau eru flutt á milli bæja jafnvel þó að það sé innan sama varnarhólfs
- Við þrif á húsum og tækjum er rétt að nota lágþrýsting þar sem að úði frá háþrýstipvotti dreifir bakteríum.

Munið að bændur eru ávallt ábyrgir fyrir smitvörnum á sínu búi; Bóndi ver þitt bú!!!

